

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14

105 REYKJAVÍK

Efni:

Grandagarður - Línbergsreitur - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 29. október 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 15. október 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 14. október 2020 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Örfirisey–Vesturhöfn, Línbergsreitur, vegna lóðanna nr. 16-32 við Fiskislóð og nr. 39-93 við Grandagarð, ásamt fylgiskjölum

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Enn eru engar íbúðir leyfðar í Örfirisey, þrátt fyrir að kjöraðstæður séu til staðar hvað varðar verslun og þjónustu sem væri þá í göngufæri fyrir íbúa. Betra jafnvægi í umferð næst með því að fjölga atvinnutækifærum í austurhluta borgarinnar og íbúðum í vestri. Hér er verið að fara í aðra átt. Þá er mikilvægt að framfylgja þeirri stefnumörkun borgarráðs að minnka umfang olíubirgðastöðvarinnar um helming fyrir 2025.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Þeirri uppbyggingu sem hér er kynnt er fagnað, en borgarfulltrúi Miðflokksins lýsir yfir miklum áhyggjum af því andvaraleysi sem virðist ríkja gagnvart olútönkunum í Örfirisey. Þeir eru tifandi tímasprengja. Sífelld er verið að færa byggðina nær tönkunum/hættusvæðinu og öllum má vera ljóst hvað gerist ef eldur verður laus og/eða eitthvert óhapp verður sem leiðir til þess að tankarnir springa í loft upp. Í leiðinni er rétt að geta þess að sömu áhyggjum er lýst yfir vegna gríðarlegra olíuflutninga frá svæðinu á þröngum götum Reykjavíkur og þá sérstaklega í gegnum þrönga Geirsgötu og sífelld er verið að þrengja götur og aðgengi bíla í gegnum miðbæinn. Það er látið eins og þessi hætta sé ekki til staðar og hún er aldrei rædd. Það er gríðarlegt ábyrgðarleysi en varpar ljósi á að rýmingaráætlun fyrir Reykjavík vestan Elliðaána er í algjöru skötulíki.

Helga Björk Laxdal
e.u.